

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 23. febrúar 2024

Mál nr. E-5141/2023:

**Marinó Árnason**

(Hilmar Gunnarsson lögmaður)

**gegn**

**íslenska ríkinu**

(Anton Björn Markússon lögmaður)

## Dómur

Mál þetta, sem var dómtekið 8. febrúar 2024, er höfðað 31. ágúst 2023 af Marinó Árnasyni, [...], á hendur íslenska ríkinu.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 1.041.112 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 42.639 frá 1. nóvember 2021 til 1. desember 2021, af kr. 85.278 frá þeim degi til 1. janúar 2022, af kr. 127.918 frá þeim degi til 1. febrúar 2022, af kr. 172.048 frá þeim degi til 1. mars 2022, af kr. 216.179 frá þeim degi til 1. apríl 2022, af kr. 260.310 til 1. maí 2022, af kr. 305.129 frá þeim degi til 1. júní 2022, af kr. 349.948 frá þeim degi til 1. júlí 2022, af kr. 394.767 frá þeim degi til 1. ágúst 2022, af kr. 439.585 frá þeim degi til 1. september 2022, af kr. 484.404 frá þeim degi til 1. október 2022, af kr. 529.223 frá þeim degi til 1. nóvember 2022, af kr. 574.042 frá þeim degi til 1. desember 2022, af kr. 618.861 frá þeim degi til 1. janúar 2023, af kr. 663.680 frá þeim degi til 1. febrúar 2023, af kr. 708.449 frá þeim degi til 1. mars 2023, af kr. 753.318 frá þeim degi til 1. apríl 2023, af kr. 798.136 frá þeim degi til 1. maí 2023, af kr. 846.732 frá þeim degi til 1. júní 2023, af kr. 895.327 frá þeim degi til 1. júlí 2022, af kr. 943.922 frá þeim degi til 1. ágúst, af kr. 992.577 frá þeim degi til 1. september 2023 og af kr. 1.041.112 til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess aðallega að verða sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda en til vara að dómkröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda.

*Málsatvik*

Stefnandi starfar sem bílstjóri ráðherra. Hann undirritaði ráðningarsamning við Umbra – þjónustumiðstöð Stjórnarráðsins (hér eftir Umbra) 9. ágúst 2021, en Umbra er ráðuneytisstofnun sem sinnir upplýsingatæknimálum og ýmsum rekstrarþáttum ráðuneyta stjórnarráðsins. Hann hóf störf 1. október sama ár. Stefnandi er félagsmaður í Félagi starfsmanna stjórnarráðsins og kjarasamningur félagsins gildir um ráðningarkjör hans hjá Umbru.

Í samkomulagi um launagreiðslur, dags. 9. ágúst 2021, kom fram að mánaðarlaun skyldu vera 572.483 kr. og föst yfirvinna 326.988 kr. Í samkomulaginu er mælt fyrir um að öll yfirvinna sé *innifalin í ofangreindum launakjörum*.

Hinn 15. júní 2022 sendi stefnandi yfirmanni sínum, Viktori Jens Vigfússyni, tölvupóst. Kom þar fram að borist hefði í tal hjá bílstjórum Umbru að sumir þeirra fengju greitt orlofsfé á yfirvinnu en aðrir ekki. Þá væri misræmi í fjölda yfirvinnutíma sem síðan skilaði sér í mismun á orlofsfé. Benti stefnandi á að í grein 4.2.1 í kjarasamning FSS segði að starfsmaður skyldi fá *13,04% orlofsfé á yfirvinnu og álagsgreiðslur skv. samningi þessum*. Kvaðst stefnandi hafa kannað málið hjá öðrum aðildarfélögum innan BSRB og kvað hann t.d. rannsóknarlögreglumenn vera á áþekkingum fastlaunasamningi og bílstjórar hjá Umbru væru á og fengju þeir orlofsfé greitt á yfirvinnu og álag. Í ljósi þess að ekki væri heimilt að semja um lakari kjör en kjarasamningur kvæði á um óskaði hann eftir að þetta yrði skoðað.

Umræddur Viktor Jens svaraði tölvupósti stefnanda daginn eftir. Kvað hann þá breytingu hafa verið gerða í byrjun árs 2018 að hætt hefði verið að greiða orlof á fasta yfirvinnu hjá starfsfólki Stjórnarráðsins. Starfsmenn sem væru á fastlaunasamningi fengju greidda yfirvinnu alla mánuði ársins, einnig þegar þeir væru í sumarfríi. Félag starfsmanna stjórnarráðsins sendi bréf sama efnis til umrædds Viktors Jens, 30. janúar 2023, fyrir hönd bílstjóra hjá Umbru. Loks sendi lögmaður stefnanda umræddum Viktori Jens bréf 11. júlí 2023 þar sem þess var krafist að stefnanda yrði greitt orlof á yfirvinnu. Var ekki fallist á þá kröfu.

Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu vitnið Viktor Jens Vigfússon, framkvæmdastjóri Umbru.

## II

### *Málsástæður stefnanda*

Stefnandi byggir á því að hann eigi kröfu um orlofsfé á yfirvinnulaun samkvæmt grein 4.2.1 í kjarasamningi þeim sem gilt hafi um ráðningarsamning málsaðila. Umsamið orlofsfé af fastri yfirvinnu hafi hins vegar ekki verið greitt. Í ráðningarsamningi stefnanda sé hvergi vísað til þess að orlofsfé verði ekki greitt af yfirvinnu. Orlofsféð sé því ógreitt. Sundurliðist það þannig:

Mánuður	Yfirvinna	Orlof (13,04%)
1.11.2021	326.988 kr.	42.639
1.12.2021	326.988 kr.	42.639
30.12.2021	326.988 kr.	42.639
1.2.2022	338.426 kr.	44.131
1.3.2022	338.426 kr.	44.131
1.4.2022	338.426 kr.	44.131
1.5.2022	343.703 kr.	44.819
1.6.2022	343.703 kr.	44.819
1.7.2022	343.703 kr.	44.819
1.8.2022	343.703 kr.	44.819
1.9.2022	343.703 kr.	44.819
1.10.2022	343.703 kr.	44.819
1.11.2022	343.703 kr.	44.819
1.12.2022	343.703 kr.	44.819
30.12.2022	343.703 kr.	44.819
1.2.2023	343.703 kr.	44.819
1.3.2023	343.703 kr.	44.819
1.4.2023	343.703 kr.	44.819
1.5.2023	372.662 kr.	48.595
1.6.2023	372.662 kr.	48.595
1.7.2023	372.662 kr.	48.595
1.8.2023	372.662 kr.	48.595
1.9.2023	372.662 kr.	48.595
	<b>Samtals</b>	<b>1.041.113</b>

Samkvæmt dreifibréfi fjármálaráðuneytisins skuli greiða orlofsfé *jafnóðum inn á orlofsreikning* og geti launamaður fengið það greitt um miðjan maí hvert ár. Þar sem stefnandi hafi ekki fengið greitt orlofsfé inn á bankareikning sinn hver mánaðamót sé gerð krafa um dráttarvexti frá hverjum gjalddaga fyrir sig, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001. Gjaldtagi orlofslauna sé um hver mánaðamót þegar föst yfirvinna sé greidd.

Stefnandi vísar um málatilbúnað sinn einkum til meginreglna vinnuréttar, samninga og kröfuréttar, þ.á m. um skuldbindingargildi samninga og rétt kröfuhafa til að krefja skuldara um efndir fjárskuldbindinga. Kveðst stefnandi áréttta að stefndi sé vinnuveitandi og sé skylt að ganga skriflega frá ráðningarsamningnum við starfsmenn. Þá sé stefnda skylt að upplýsa starfsmenn um ráðningarkjör sín, sbr. tilskipun nr. 91/533/EBE. Allan vafa um efni ráðningarsamningsins beri því að skýra stefnanda í hag. Stefnandi vísi jafnframt til 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda en krafa um orlofsfé af yfirvinnu byggist á ákvæðum kjarasamnings.

Stefnandi kveðst byggja kröfu um dráttarvexti á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Samkvæmt dreifibréfi fjármálaráðuneytisins beri að greiða orlofsfé af yfirvinnu um hver mánaðamót þegar launagreiðslur eiga sér stað. Gjaldalagi sé því umsaminn, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna.

#### *Málsástæður stefnda*

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu aðallega á þeirri málsástæðu að hann hafi efnt skyldur sínar gagnvart stefnanda að fullu og öllu leyti og samkvæmt því beri að sýkna hann af öllum dómkröfum. Á því er byggt að uppgjör og tilhögun greiðslna til stefnanda hafi verið í samræmi við ákvæði kjarasamnings og orlofslaga nr. 30/1987. Þannig hafi stefnandi notið sömu launakjara annars vegar á þeim tíma sem hann innti vinnuframlag af hendi og hins vegar á þeim tíma sem hann var í orlofi. Af þeirri ástæðu sé orlofsfé í reynd greitt af heildarlaunum stefnanda. Sé á því byggt að stefnandi njóti greiðslu fastra launa, annars vegar í formi taxtalauna (launatafla) og hins vegar í formi fastra yfirvinnustunda sem greiðist alla mánuði ársins, þ.m.t. þegar stefnandi er í orlofi og því án vinnuframlags. Með framangreindri tilhögun telji stefndi engum vafa undirorpið að uppfyllt séu öll ákvæði laga nr. 30/1987 svo og ákvæði kjarasamnings og ráðningarsamnings aðila.

Stefndi bendir á að ekki sé ástæða til að gera greinarmun á dagvinnu stefnanda og yfirvinnu að þessu leyti til. Stefnandi inni vinnuframlag af hendi, oft umfram dagvinnuskyldu, og njóti fyrir það endurgjalds í formi fastrar yfirvinnu sem sé greidd alla mánuði ársins, þ.m.t. þegar stefnandi sé í frí frá störfum. Í framangreindri vinnutilhögun felist að á laun stefnanda sé greitt orlof í samræmi við lög og kjarasamninga. Stefnandi njóti réttar til greiðslu orlofs af launum og sá réttur sé greiddur

honum við töku orlofsins. Samkvæmt því njóti stefnandi nákvæmlega sömu launa í orlofi og fyrir fulla vinnu.

Stefndi byggir á því að hann hafi hagað frágangi og uppgjöri á greiðslu orlofs í samræmi við ákvæði orlofslaga nr. 30/1987. Í því sambandi bendir stefndi á að samkvæmt 7. gr. orlofslaga sé heimilt að greiða orlof með þrennum hætti, þ.e. næsta virka dag eftir töku orlofsins, á sama tíma og reglulegar launagreiðslur fari fram eða inn á sérstakan orlofsreikning. Þá reiknist orlofslaun ekki af orlofslaunum, sbr. 5. mgr. sama ákvæðis. Lögð er áhersla á að tilgangurinn með lögnum hafi verið sá að tryggja að starfsmaður missi einskis í launakjörum sínum þann tíma sem hann sé í orlofi. Í því felst að launakjör séu þau sömu þann tíma ársins sem starfsmaður skilar vinnuframlagi og þann tíma sem hann er í orlofi. Byggist launakjör stefnanda á þessari grundvallarreglu. Þannig njóti stefnandi fastra greiðslna í hverjum mánuði sem samanstandi af dagvinnulaunum og greiðslum fyrir fasta yfirvinnu. Á tímabili orlofstöku njóti stefnandi nákvæmlega sömu kjara en án vinnuframlags. Á því er byggt að með þessari tilhögun séu uppfyllt öll ákvæði laga nr. 30/1987 svo og ákvæði kjarasamnings og ráðningarsamnings aðila. Beri því að sýkna stefnda af öllum dómkröfum stefnanda.

Stefndi byggir sýknukröfur einnig á þeirri málsástæðu að stefnandi sé launþegi hjá stefnda og hafi notið launakjara sem miðuð hafi verið við hvern almanaksmánuð og hafi laun verið greidd mánaðarlega. Launin samanstandi af föstum mánaðarlaunum (taxtalaunum) og föstum yfirvinnustundum byggðum á þeim grunni að vinnuskylda stefnanda sé meiri en sem nemur venjulegri dagvinnu. Í tilviki stefnanda nemi viðbótargreiðsla 55 klst. í yfirvinnu á mánuði og sé sú greiðsla innt af hendi mánaðarlega með föstum mánaðarlaunum (taxtalaunum) án þess að yfirvinna fyrir hvern mánuð sé sérstaklega lögð til grundvallar við launaútreikning. Engin gögn í máli þessu styðji þann skilning stefnanda að ofan á yfirvinnugreiðslur skuli bæta álagi sem samsvari orlofi. Það sé óumdeild staðreynd að stefnandi hafi tekið sér orlof á því tímabili sem krafa hans taki til og jafnframt sé óumdeilt að stefnandi hafi notið óskertra launa meðan á slíkri orlofstöku hafi staðið. Með því hafi að fullu verið gerð upp við stefnanda þau orlofslaun sem hann hafi átt rétt til, enda greiðist orlofslaun ekki af orlofslaunum, sbr. 5. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 um orlof.

Stefnandi bendir á að efni ráðningarsamnings hafi verið skýrt um það hverra launa og starfskjara stefnandi nyti í starfi og framkvæmd hans, með áherslu á starfstíma og orlofstöku, hafi verið á þann hátt sem raun ber vitni og að framan er lýst. Þegar af

þeirri ástæðu að stefnandi hafi hvorki hreyft andmælum né haft uppi athugasemdir í tengslum við launaútborganir eða uppgjör orlofs um tæplega 22 mánaða skeið hafi stefndi mátt ganga út frá því að fullnaðaruppgjör hefði farið fram á milli aðila. Á því sé byggt að athugasemdalaus framkvæmd ráðningarsamnings aðila um jafn langt tímabil og raun beri vitni gefi skýra vísbendingu um gagnkvæman vilja til að skipa launa- og ráðningarkjörum með þeim hætti sem gert hafi verið. Hvað sem öðru líði hefði framkvæmdin leitt til þess að stefnandi hefði glatað rétti sínum til að krefjast leiðréttingar á slíkum kjörum. Þar sem stefndi hafi að fullu og öllu leyti efnt skyldur sínar gagnvart stefnanda beri að sýkna hann af öllum dómkröfum.

Þá byggir stefndi sýknukröfur á því að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslna orlofsfjár vegna tómlætis. Í íslenskum vinnurétti hafi almennt verið litið svo á að ólögfestar reglur um tómlæti og réttaráhrif þess séu einkum reistar á trúnaðar- og tillitsskyldu gagnvart viðsemjanda. Þannig geti vitneskja, eða eftir atvikum grandsemi, launþega um rétt sinn ráðið því hversu fljótt krafa hans á hendur vinnuveitanda falli niður vegna tómlætis og þá einkum ef hann fær sérstakt tilefni til að tefla henni fram og hefur tækifæri til þess. Í máli því sem hér um ræði hátti þannig til að stefnandi hafi mótttekið fjölda launaseðla athugasemdalaus, alls 21 launaseðil, yfir langt tímabil áður en krafa hafi verið lögð fram og þá án tilgreiningar á fjárhæðum. Hvorki hafi verið gerðar athugasemdir né fyrirvarar um réttmæti launagreiðslna fyrr en með bréfi lögmanns stéttarfélags hans, 11. júlí 2023, eða við það tímamark er hann hafði starfað hjá stefnda í tæpa 22 mánuði. Ef rétt er hjá stefnanda að hann hafi ítrekað haft uppi kröfu um greiðslu orlofsfjár á starfstíma sínum sé það í raun ekki annað en staðfesting á því að hann hafi verið meðvitaður um mögulegan rétt sinn, en ákveðið að aðhafast ekkert.

Stefnandi byggir á því að ólögfestar reglur um tómlæti og réttaráhrif þess, sem reistar séu á trúnaðar- og tillitsskyldu gagnvart viðsemjanda, kalli eðli máls samkvæmt á að launþegi, í þessu tilviki stefnandi, upplýsi um kröfur sínar án ástæðulauss dráttar. Við mat á því hvað teljist vera ástæðulaus dráttur megi eftir atvikum hafa hliðsjón af lögfestum reglum um tómlæti, en í dæmaskyni megi nefna að samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003, um neytendakaup, sé skemmsti frestur miðaður við a.m.k. tvo mánuði. Hvað sem öðru líði sé ávallt um fremur skamman frest að ræða enda sé önnur tilhögun andstæð grundvallarreglu um trúnaðar- og tillitsskyldu gagnvart viðsemjanda. Við mat á tómlætisáhrifum stefnanda skipti miklu máli að hann hafi fengið launaseðil í hendur um hver mánaðamót sem hafi verið skýr og afdráttarlaus um laun og önnur starfskjör hans.

Í dómi Hæstaréttar Íslands í máli nr. 376/2005 hafi það verið metið sem tómlæti af hálfu starfsmanns að hafa tekið mánaðarlega við launagreiðslum úr hendi vinnuveitanda í 2½ ár án þess að gera fyrirvara um kröfu sína. Sé á því byggt að dómurinn hafi ríkt fordæmisgildi og að með honum sé þeirri reglu slegið fastri að eftir svo langan tíma hefði stefnanda mátt vera ljóst að stefndi teldi sér ekki skylt að greiða orlof til viðbótar við fasta yfirvinnu. Þá hafi dómstólar enn fremur beitt ströngu mati þegar svo hátti til að telja megi ámælisvert að starfsmaður hafi ekki haldið kröfu sinni fram fyrr, sem og þegar starfsmanni hafi ekki tekist að færa sönnur fyrir því að hann hafi lagt fram kvörtun eða gert athugasemdir að öðru leyti vegna vangoldinna launa.

Stefndi byggir jafnframt á því að við mat á tómlætisáhrifum skipti auk þess miklu að um viðbótarkjör hafi verið að ræða. Í því sambandi beri að hafa í huga að ákvörðun um greiðslu fastra yfirvinnustunda, til viðbótar við mánaðarlaun (taxtalaun), sé umfram ákvæði kjarasamninga og umfram skyldu þar til. Þá beri enn fremur að leggja til grundvallar við úrlausn málsins að greiðsla orlofs til viðbótar fastri yfirvinnu feli ekki í sér uppgjör lágmarkskjara. Þessu sjónarmiði til enn frekari staðfestingar megi hafa hliðsjón af dómaframkvæmd þar sem ágreiningsmál varða uppgjör á greiðslu kaupauka, yfirvinnu eða annarra launagreiðslna sem teljist ekki til lágmarkskjara.

Stefnandi byggir á því að máli skipti við mat á tómlætisáhrifum starfsmanna vegna krafna á hendur vinnuveitanda hvort þær varði lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi eða lögum eða hvort krafa snúi að ætluðum viðbótarkjörum. Ástæða þessa sé sú að lágmarkskjör njóti ríkari verndar í þeim skilningi að fyrirhafnarlítið sé að sanna þau og óheimilt sé að lögum að semja um lakari kjör. Þannig geti vinnuveitandi ekki borið því við að hann hafi ekki mátt vita að honum hefði borið að tryggja starfsmanni a.m.k. lágmarkskjör. Viðbótarkjör lúti allt öðrum lögmálum, en telji starfsmaður sig hafa samið um slík kjör, og að þau séu órjúfanlegur hluti af heildarlaunum, hvíli sú skylda á honum að gera vinnuveitanda tafarlaust viðvart telji hann að mistök hafi átt sér stað við launaútreikning eða hann hlunnfarinn um launagreiðslur. Að öðrum kosti verði að líta svo á að hann geri ekki ágreining um forsendur launakjara.

Stefndi kveðst gera þá kröfu til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Grundvallist krafan aðallega á því að ólögfestar reglur um tómlæti og réttaráhrif þess, sem reistar séu á trúnaðar- og tillitsskyldu, leggi þá skyldu á stefnanda að upplýsa eða hafa uppi kröfur án ástæðulauss dráttar.

Stefndi mótmælir dráttarvaxtakröfu í stefnu sem rangri, einkanlega upphafstíma dráttarvaxta. Í því sambandi bendi stefndi á að stefnandi hafði fyrst uppi kröfur um greiðslu orlofs til viðbótar yfirvinnu með bréfi, dags. 11. júlí 2023. Áréttað sé að enda þótt stefnandi hafi lagt fram kröfubréfið hafi eiginlegar fjárkröfur í engu verið tilgreindar. Á því er byggt að það hafi fyrst verið við birtingu stefnu sem stefndi hafi mátt vita hver kröfufjárhæðin væri og getað tekið afstöðu til hennar. Telur stefndi eina mögulega kostinn við ákvörðun upphafstíma dráttarvaxta að miða við það tímamark er honum var birt stefna.

### III

#### *Niðurstaða*

Stefnandi í máli þessu krefst þess að stefndi greiði honum orlofsfé á yfirvinnulaun. Byggir hann á grein 4.2.1 í samkomulagi um breytingu og framlengingu á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Félag starfsmanna stjórnarráðsins, frá 20. mars 2020, sem gilt hafi um ráðningarsamning málsaðila. Stefndi mótmælir kröfunni og krefst sýknu. Byggir hann á því að orlofsfé sé í reynd og hafi verið greitt af heildarlaunum stefnanda. Stefnandi njóti greiðslu fastra launa, annars vegar í formi taxtalauna og hins vegar í formi fastra yfirvinnustunda sem greiðist alla mánuði ársins, þ.m.t. þegar stefnandi er í orlofi og því án vinnuframlags.

Í málinu liggur fyrir dreifibréf fjármálaráðuneytisins um orlof nr. 2/2006. Þar segir m.a.: *Í þeim tilvikum þegar yfirvinna er greidd á föstum forsendum eru dæmi um að hún sé greidd alla mánuði ársins, líka í orlofi. Um slíkt fyrirkomulag þarf stofnun að semja sérstaklega við viðkomandi starfsmann. Brýnt er að gengið sé frá því með skriflegum hætti þar sem sérstaklega er tekið fram að orlofsfé sé ekki greitt.*

Á þetta álitaefni reyndi í dómi Hæstaréttar í máli nr. 618/2006. Hæstiréttur klotnaði í niðurstöðu sinni en í atkvæði meirihluta dómsins segir m.a.: *Sönnunarbyrðin um að tekið hafi verið tillit til orlofs á fasta yfirvinnu í ráðningarsamningum aðila hvílir á áfrýjanda, sbr. dóm Hæstaréttar í máli nr. 473/1999 frá 11. maí 2000. Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 30/1987 skulu orlofslaun reiknast af heildarlaunum og sérstaklega skráð á launaseðli. Þar sem ekkert var kveðið á um orlof stefndu ofan á fasta yfirvinnutíma hennar, hvorki á launaseðlum né í umræddum ráðningarsamningum, og það þrátt fyrir sérstök tilmæli til áfrýjanda um það í áðurnefndu bréfi 20. júní 2000,*

*verður fallist á með stefndu að ekki hafi verið tekið tillit til orlofs á fasta yfirvinnu í ráðningarsamningum aðila sem hér eru til umfjöllunar.*

Fyrir liggur í máli þessu að ekki var samið sérstaklega um það við stefnanda að orlofsfé yrði ekki greitt af yfirvinnu. Með vísan til framangreinds dóms meirihluta Hæstaréttar í máli nr. 618/2006 og fyrrgreinds dreifibréfs fjármálaráðuneytisins nr. 2/2006 er það niðurstaða dómsins að stefndi verði að bera hallann af því og að fallast beri á það með stefnanda að greiða hafi átt orlof á yfirvinnulaun hans.

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til greiðslna orlofsfjár vegna tómlætis. Á það verður ekki fallist. Stefnandi hóf störf hjá Umbru 1. október 2021. Eins og fram kom hér að framan sendi hann yfirmanni sínum, Viktori Jens Vigfússyni, tölvupóst 15. júní 2022 þar sem fram kom að hann teldi sig eiga rétt til orlofsgreiðslna. Var því erindi hafnað. Þá sendi Félag starfsmanna stjórnarráðsins bréf sama efnis til umrædds Viktors Jens 30. janúar 2023, fyrir hönd bílstjóra hjá Umbru. Loks sendi lögmaður stefnanda umræddum Viktori Jens bréf 11. júlí 2023 þar sem þess var krafist að stefnanda yrði greitt orlof á yfirvinnu. Stefna var síðan birt 31. ágúst 2023 í máli þessu. Með vísan til þessa verður ekki talið að stefnandi hafi fyrirgert umræddri kröfu sinni á hendur stefnda vegna tómlætis. Breytir þar engu að nokkur tími hafi liðið frá því að stefnandi hóf störf þar til hann krafðist þess formlega að fá umræddar orlofsfjárgreiðslur. Vísar dómurinn um þetta til niðurstöðu Hæstaréttar um sams konar kröfu í fyrrnefndu máli réttarins nr. 618/2006.

Hvað varðar kröfu stefnanda um greiðslu dráttarvaxta var hér um að ræða vangreitt orlof sem greiða átti af yfirvinnu samkvæmt samkomulagi um breytingu og framlengingu á kjarasamningi fjármála- og efnahagsráðherra við Félag starfsmanna stjórnarráðsins, frá 20. mars 2020, sem gildi um ráðningarsamning málsaðila. Þá kemur fram í fyrrnefndu dreifibréfi fjármálaráðuneytisins um orlof, nr. 2/2006, að greiða skuli orlofsfé jafnóðum á sérstakan orlofsreikning starfsmanns. Er því fallist á það með stefnanda að gjalddagi hafi í þessu ljósi verið umsaminn í skilningi 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og fallist á kröfu stefnanda um dráttavexti eins og hún birtist í stefnu.

Eftir úrslitum máls ber að dæma stefnda til að greiða málskostnað stefnanda, sbr. 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, sem þykir hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda, Marinó Árnasyni, kr. 1.041.112 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af kr. 42.639 frá 1. nóvember 2021 til 1. desember 2021, af kr. 85.278 frá þeim degi til 1. janúar 2022, af kr. 127.918 frá þeim degi til 1. febrúar 2022, af kr. 172.048 frá þeim degi til 1. mars 2022, af kr. 216.179 frá þeim degi til 1. apríl 2022, af kr. 260.310 til 1. maí 2022, af kr. 305.129 frá þeim degi til 1. júní 2022, af kr. 349.948 frá þeim degi til 1. júlí 2022, af kr. 394.767 frá þeim degi til 1. ágúst 2022, af kr. 439.585 frá þeim degi til 1. september 2022, af kr. 484.404 frá þeim degi til 1. október 2022, af kr. 529.223 frá þeim degi til 1. nóvember 2022, af kr. 574.042 frá þeim degi til 1. desember 2022, af kr. 618.861 frá þeim degi til 1. janúar 2023, af kr. 663.680 frá þeim degi til 1. febrúar 2023, af kr. 708.449 frá þeim degi til 1. mars 2023, af kr. 753.318 frá þeim degi til 1. apríl 2023, af kr. 798.136 frá þeim degi til 1. maí 2023, af kr. 846.732 frá þeim degi til 1. júní 2023, af kr. 895.327 frá þeim degi til 1. júlí 2022, af kr. 943.922 frá þeim degi til 1. ágúst, af kr. 992.577 frá þeim degi til 1. september 2023 og af kr. 1.041.112 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Björn Þorvaldsson